



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: Tilnefningar til hvatningarverðlauna velferðarráðs 2021

Lagt er til að velferðarráð samþykki að veita eftirtöldum hvatningarverðlaun velferðarráðs fyrir árið 2021:

- Þórhildur Guðrún Egilsdóttir í flokknum einstaklingar
- Íbúðakjarninn Jöklael 2 í flokknum hópar/starfsstaðir.
- Ella í flokknum verkefni.

Greinargerð:

Velferðarráð veitti í fyrsta sinn hvatningarverðlaun árið 2011 í því skyni að hvetja starfsfólk sviðsins í nýsköpun og veita umbun fyrir vel unnin störf. Í valnefnd vegna verðlauna fyrir árið 2021 voru Heiða Björg Hilmisdóttir, Regína Ásvaldsdóttir og Anna Guðmundsdóttir.

Til hvatningarverðlauna velferðarráðs 2021 var unnt að tilnefna einstakling, starfsstað, hóp og/eða verkefni til verðlauna fyrir eftirtektarverða alúð, þróun og/eða nýbreytni varðandi hvaðeina sem við kemur velferðarmálum og sem unnið var að á vegum sviðsins á árinu 2021.

Markmiðið með veitingu hvatningarverðlauna er að skapa hvetjandi vinnustaðamenningu og vekja athygli á gróskumiklu starfi í velferðarmálum Reykjavíkurborgar, auk þess að stuðla að aukinni nýbreytni og þróunarstarfi. Rannsóknir hafa sýnt að hvetjandi starfsumhverfi stuðlar að aukinni starfsánægju starfsmanna, betri frammistöðu og þjónustu til notenda.

Fjöl margar athyglisverðar tilnefningar bárust valnefndinni og valdi nefndin úr þeim tilnefningum sem bárust. Í heildina voru 31 einstaklingar, hópar eða verkefni tilnefnd, þar af voru 21 tilnefndir í flokknum einstaklingar, 2 tilnefndir í flokknum hópar/starfsstaðir og 8 tilnefndir í flokknum verkefni.

Valnefnd hefur ákveðið að leggja til við velferðarráð að veita eftirfarandi hvatningarverðlaun fyrir árið 2021:

TRÚNAÐARMÁL

Í flokknum *einstaklingar* verði Þórhildi Guðrúnu Egilsdóttur veitt hvatningarverðlaun velferðarráðs 2021.

Í mati valnefndar og rökstuðningi þeirra sem tilnefndu Þórhildi Guðrúnu Egilsdóttur til verðlauna kemur m.a. fram eftirfarandi:

Þórhildur Guðrún Egilsdóttir hefur starfað á velferðarsviði frá 2008, fyrst sem félagsráðgjafi á þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og frá 2014 sem sérfræðingur og deildarstjóri á skrifstofu öldrunarmála. Þórhildur hefur í starfi sínu hjá velferðarsviði m.a. sinnt málefnum aldraðra sem lúta að velferð, andlegri heilsu og félagslegri þátttöku, af einstökum dugnaði og alúð. Hún fylgist vel með, er sívakandi fyrir nýjungum sem bætt geta þjónustuna og er óþreytandi að miðla þekkingu og upplýsingum. Þórhildur Guðrún er einstaklega góður samstarfsmaður sem hefur einlægán áhuga á að miðla og bæta umhverfið.

Þórhildur hefur haldið utan um umsjónarmenn og verkefnastjóra í félagsstarfi eldri borgara þvert á borgina. Hún hefur komið tengslum á milli sem áður voru ekki og verið góður stuðningur, sérstaklega þegar covid takmarkanir voru við lýði í samfélaginu. Þórhildur er áhugasöm, jákvæð og lausnamiðuð og það er ávallt gott að leita til hennar.

Þórhildur ætti að fá hvatningarverðlaun velferðarráðs fyrir ötula baráttu, áhuga, vilja og framlag í þágu eldri borgara hjá Reykjavíkurborg. Það má segja að hún standi vaktina allan sólarhringinn allan ársins hring, með það að leiðarljósi að styðja við framþróun málefna eldri borgara á velferðarsviði. Virkilega aðdáunarvert, faglegt og óeigingjarnt starf sem á viðurkenningu skilið.

Í flokknum *hópar/starfsstaðir* verði hvatningarverðlaun velferðarráðs 2021 veitt íbúðakjarna í Jöklaseli 2.

Í mati valnefndar og rökstuðningi þeirra sem tilnefndu íbúðakjarnann Jöklasel 2 kemur m.a. fram eftirfarandi:

Hlutverk íbúðakjarnans að Jöklaseli 2 er að veita fólki með þroskahömlun og skyldar raskanir, húsnaði og stuðning til að lifa sjálfstæðu og innihaldsríku lífi. Markmiðið er að mæta þörfum íbúa á heildstæðan og einstaklingsmiðaðan hátt á grundvelli stefnu Reykjavíkurborgar um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum og þeirra laga, reglugerða og alþjóðlegu skuldbindinga sem um starfsemina gilda. Í Jöklaseli búa bæði konur og karlar á ýmsum aldri.

Starfsmannahópurinn í Jöklaseli er í sérflokk. Í baráttunni við COVID-19 steig starfsmannahópur Jöklasels upp og gott betur en það. Það var ómetanlegt hversu jákvæður, boðinn og búinn hópurinn var í að aðstoða við að manna vaktir, ásamt því að vinna við breyttar, flóknar og krefjandi aðstæður. Án starfsmannahópsins hefði þetta ekki getað gengið upp.

Í flokknum *verkefni* verði verkefninu Ella veitt hvatningarverðlaun velferðarráðs 2021.

Í mati valnefndar og rökstuðningi þeirra sem tilnefndu verkefnið kemur m.a. fram eftirfarandi:

Ellu verkefnið byrjaði í apríl 2021 og er markmiðið verkefnisins að styðja og styrkja einstæða foreldra með félagslegan vanda, veita þeim öruggt húsnaði og stuðning á staðnum. Náin tengsl verða milli foreldra og ráðgjafa þar sem ráðgjafar styðja foreldra í uppeldishlutverkinu, byggja upp sjálfsmynd þeirra og styrkleika og aðstoða foreldra að komast í virkni/nám/vinnu. Væntingar eru að rjúfa félagslegu keðjuna og að börn

TRÚNAÐARMÁL

Þessara foreldra munu búa við betri kjör. Ellu verkefnið hefur náð að þróast mjög hratt á síðasta ári og hefur árangur náðst í mörgum málum. Sjálf hafa þessir foreldrar sagt frá því að þau séu öruggari í uppeldislutverkinu, hafi betri sjálfsmynd og taki betur þátt í athöfnum og virkni daglegs lífs.

Í „Ellunni“ vinna fagaðilar á dýptina með foreldrunum, þar sem tíð og mikil samvinna er á milli notenda og fagaðila. Þar að auki er starfsfólk „Ellunnar“ einstakt og harðsnúið og á viðurkenningu skilið fyrir nokkuð erfitt en gefandi starf.

Fagaðilarnir sem vinna í Ellunni hafa sýnt foreldrum mikinn stuðning og hlýju, sem hefur mikið vantað inn í þeirra líf. Þá hafa foreldrarnir eflst bæði sem virkir samfélagsþegnar og við uppeldisaðferðir barna sinna.

Eftirtaldir einstaklingar, hópar eða verkefni voru tilnefnd til hvatningarverðlauna velferðarráðs:

Í flokki einstaklinga:

- Arne Friðrik Karlsson
- Álfhildur Hallgrímsdóttir
- Bára Steinunn Jónasdóttir
- Birna Björnsdóttir
- Dagný Dögg Halldórsdóttir
- Eybjörg Geirsdóttir
- Guðjón Örn Helgason
- Gunnhildur Olga Jónsdóttir
- Hanna María Karlsdóttir
- Heiða Hrönn Harðardóttir
- Hjónin Guðbrandur Stígur og Brynhildur á Ásvallagötu
- Inga Kolbrún Hjartardóttir
- Katrín Helga Hallgrímsdóttir
- Ólafía Magnea Hinriksdóttir
- Sigurbjörn Rúnar Björnsson
- Þórhildur Guðrún Egilsdóttir
- Harpa Guðný Hafberg
- Sigurbjörg Sigurðardóttir
- Ólafía Helgadóttir
- Anna Kristín Bjarnadóttir
- Þórir Hall

Í flokki hópa eða starfstaða:

- Íbúðakjarninn Jöklael
- Íbúðakjarninn Hringbraut 79

Í flokki verkefna:

- Ellan – Austurmiðstöð

TRÚNAÐARMÁL

- Félagsstarf í Árskógum - þróun samfélagsvinnu, félagslegur stuðningur og samstarf við Rauða krossinn
- Framfarateymi Keðjunnar
- Greining og ráðgjöf heim - PMTO þjónusta Barnaverndar Reykjavíkur inn á heimili foreldra.
- Memmm play
- Verkefni fyrir unga Sómala hjá þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts
- Ylja - færánlegt neyslurými
- Þróunarverkefni vegna aðstandenda einstaklinga með heilabilun